

er landbúnaðarráðherra þá rétt að leggja starfsemi sóttvarnarstöðvarinnar niður. Skal þá eyða öllu innfluttu sæði, sem þar kann að vera geymt, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að eigi dreifist smitsjúkdómar frá sóttvarnarstöðinni, eftir að starfsemi hennar er hætt. Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðirnar eins og ákvæði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ýtarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um bann við losun hættulegra efna í sjó.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Íslenzkum skipum er bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

Bann þetta nær yfir: 1) Öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja. 2) Geislavirk efni. 3) Sprengiefni.

2. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð. Þar sem öll hin bönnuðu efni eru tæmandi talin, og frekari fyrirmæli um framkvæmd bannsins, eftir því sem þurfa þykir.

Einnig má ákveða í reglugerð bann eða fyrirmæli um losun efna, sem ekki eru eitruð eða hættuleg, en geta orsakað alvarlega hindrun við fiskveiðar eða siglingar, ef sökkt er á ákveðnum stöðum.

3. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eða fyrirtækjum er einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna.

4. gr.

Ákvæði 1.—3. gr. eiga einnig við um losun þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningstækjum en skipum.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykktu birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. skipulagsskrárinnar bætist:

Heimilt er og einstaklingum og fyrirtækjum að láta gjafir renna í sjóð þennan.

2. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í lögleyfðum banka eða spari-sjóði og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

3. gr.

Úr 4. gr. skipulagsskrárinnar falli niður málsliðurinn:

„Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlyning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús“.

4. gr.

1) 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Byggingin skal reist í Vík í Mýrdal, en jörðin Suður-Hvammur, sem áfnast sjóðnum í þessu skyni, með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á stofnun elliheimilis.

2) 1. másl. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í þessu húsi skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku, til æviloka, eða svo lengi sem þau kjósa.

3) Niðurlag 3. mgr. 5. gr. („svo og önnur nauðsynleg hús“ o. s. frv.) falli niður.

5. gr.

Síðari másl. 6. gr. falli niður.